



# Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélag Íslands

1. árg. 2. tbl.



*Haraldur Ólafsson Noregskonungur og Sonja drottning gróðursetja tré í Vinaskógi í sumar ásamt frú Vigdís Finnbogadóttur forseta Íslands og Sveinbirni Dagfinnssyni stjórnarmanni S.Í. Mynd: J.G.P.*

## Vinaskógur

Í tilefni af afmæli frú Vigdísar forseta og í tengslum við verkefni um Landgræðsluskóga 1990 vildu ýmsir gefa forseta Íslands tré. Meðal annars urðu orð, sem frú Vigdís lét falla við Huldu Valtýsdóttur, formann S.Í., til þess að hugmyndin um „Vinaskóginn“ fékk byr undir báða vængi. „Getið þið ekki lagað fyrir mig veginn til Þingvalla?“, sagði hún og átti við hvað sér fyndist umhverfið á leiðinni þangað berangurslegt. Skógræktarfélag Íslands sá síðan um að útvega stað í landi Kárastaða þar sem gróðursetja mætti trjágjafir til forseta Íslands.

Síðan hafa allir þjóðhöfðingjar, sem komið hafa í heimsókn til Íslands, gróðursett þar tré ásamt forsetanum.

Í Vinaskógi hefur verið komið fyrir steinsúlu með yfirskriftinni:

„Gróðurreitur forseta Íslands.“ Þannig er lundurinn tengdur forsetaembættinu um alla framtíð.

Þeir aðilar aðrir, meðal annarra flest sendiráðin hér á landi, sem hafa gróðursett í reitinn, hafa fengið að velja sér einkunnarorð, og eru þau grafin á plötu, sem síðan er fest á steinsúluna (sjá mynd). Sendiráð Dana valdi sér t.d. einkunnarorðin:

„Megi hann lifa, megi hann vaxa, megi hann blómstra“.

Reiturinn telst til landgræðsluskógasvæðanna en S.Í. er þar í fyrirsvari.



Mynd: J.P.

# Mittnorden

Í byrjun júní komu hingað 12 skógræktarstúdentar frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi á vegum samtakanna *Mittnorden Komiteen*, en það eru samtök sem m.a. stuðla að samskiptum skólafólks á Norðurlöndunum. Samtökin leituðu til S.Í. um það hvort eitthvert aðildarfélag þess hefði áhuga á að fá hópinn í vinnu. Varð úr að Skógræktarfélag Dýrafjarðar tók hópinn að sér og vann fólkið að ýmsum skógræktar- og landbótastörfum í Dýra- og Önundarfirði. Var unnið að gróðursetningu á Söndum í Dýrafirði, Hesti í Önundarfirði og á Flateyri. Einnig var unnið að göngustígagerð í Botni í Dýrafirði og er þar nú kominn vísir að útivistarsvæði. Skógræktarfélag Dýrafjarðar tók að sér að fæða og hýsa hópinn og sá einnig um verkstjórn í samvinnu við S.Í. Ýmislegt var gert fólkinu til skemmtunar, svo sem helgarferð á Látrabjarg, ferð á Bolafjall, bátsferð í Svalvoga, o.m.fl. Þetta fyrirkomulag gafst vel og er áhugi á að framhald verði á vinnuferðum norrænna skógræktarstúdenta hingað til lands fyrir milligöngu S.Í.

Á myndinni hér til hliðar sést skógræktarfólkið, ásamt heimamönnum sem sáu um fólkið meðan á dvöl þess stóð á Þingeyri.



Mynd: J.G.P.

## FRAMKVÆMDIR YRKJUSJÓÐS 1992

Yrkjusjóður, sjóður æskunnar til ræktunar landsins, var stofnaður í tilefni 60 ára afmælis frú Vigdísar Finnbogadóttur forseta Íslands. Í ár var í fyrsta skipti úthlutað plöntum úr sjóðnum og fengu eftirtaldir 35 skólar úthlutun:

Grunnskólinn Laugarbakka	Grunnskólinn Varmahlíð
Grunnskólinn Hólum	Grunnskóli Bárðdæla
Hafnalækjarskóli, Aðaldal	Grunnskólinn Húsavík
Skjöldólfsstaðaskóli, Jökuldal	Grunnskóli Eskifjarðar
Grunnskóli Reyðarfjarðar	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
Grunnskóli Djúpavogs	Grunnskóli
Geithellnahrepps	
Grunnskólinn Mýrum	Kirkjubæjarskóli
Skógaskóli	Sólvallaskóli, Selfossi
Sandvíkurskóli, Selfossi	Flúðaskóli
Grunnskólar Kópavogs	Víðistaðaskóli, Hafnarfirði
Lækjarskóli, Hafnarfirði	Setbergsskóli, Hafnarfirði
Gerðaskóli, Garði	Varmárskóli, Mosfellsbæ
Flataskóli, Garðabæ	Hofstaðaskóli, Garðabæ
Brekkubæjarskóli, Akranesi	Grunnskóli Borgarness
Laugagerðisskóli	Grunnskólinn Staðarsveit
Grunnskóli Eyraarsveitar	Laugaskóli, Dalasýslu
Finnbogastaðaskóli	Grunnskólinn Drangsnesi
Grunnskólinn Þingeyri	

Alls voru gróðursettar 44.880 trjáplöntur, mest birki en lítillega af víði. Tóku riflega 3000 skólabörn þátt í gróðursetningunni auk fjölda kennara og foreldra. Flestir skólarnir gróðursettu í vor, en nokkrir nú í haust. Gekk gróðursetningin vel og er óskandi að skógrækt í nágrenni skóla verði hluti af skólastarfinu

Skógræktarfélag Reykjavíkur

## Umhverfisfræðsla fyrir börn

Einn þátturinn af viðamiklu fræðslustarfi Skógræktarfélags Reykjavíkur er starf með grunnskólum Reykjavíkur. Börnin hafa safnað birkiþræi og skilað því í Fossvog en fræið hefur verið notað til uppgræðslu á jaðarlöndum borgarinnar. 10 ára bekkir hafa heimsótt Fossvogsstöð og fengið fræðslu um gömul og ung tré, fræ og græðlinga. Í þriðja lagi er svo plantað með börnunum í reit við Rauðavatn, en hann nefnist Skólaskógar.

Þessi fræðslustarfsemi hefur færst í fastar skorður og er í samvinnu við fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Í september komu 60 bekkir 10 ára barna til að planta í reit Skólaskóga við Rauðavatn. Þar komu um 1400 börn með kennurum til að planta birki og blágreini. Fjórir starfsmenn Skógræktarfélagsins unnu í hálfan mánuð með skólunum og er þetta framlag Skógræktarfélagsins skólunum að kostnaðarlausu. En raunar er að verða of þröngt fyrir alla grunnskóla borgarinnar til að þeir hafi olnbogaráymi að vild á Rauðavatnssvæðinu. Best væri að hver skóli fyrir sig hefði meira svigrúm og reit þar sem hægt væri að tengja starfið frá ári til árs.

Í bígerð er að efna til samkeppni í skólunum um veggmynd og slagorð sem tengist umhverfisvernd og/eða skógrækt.

## Nytjaskógar á bújörðum

Ríkisframlag til nytjaskóga á bújörðum fyrir árið 1992 var ákveðið 15 milljónir króna. Skipting þessa fjármagns eftir landsvæðum er eftirfarandi:

Eyjafjörður	5.972.300.-	40,0 %
S- Þingeyjarsýsla	1.632.060.-	11,0 %
Skagafjörður	687.600.-	0,5 %
Vesturland	1.793.466.-	12,0 %
Suðurland	4.735.855.-	32,0 %

Þessu til viðbótar var ákveðið að verja rúmlega 50 milljónum króna til Héraðsskógræktaráætlunar á Fljótisdalshéraði.

# Nytjaskógur til útivistar

Á þessu ári eru liðin 40 ár síðan hafist var handa við friðun Kjarna í landi Akureyrarbæjar. Skógræktarfélag Akureyrar, sem þá var deild í Skógræktarfélagi Eyfirðinga, fékk landið á leigu.

Fyrst var hafist handa við útplöntun í maí 1952, en þá var gróðursett birki neðst og austast á athafnasvæðinu. Þær plöntur eru nú beinvaxinn birkiskógur að meðalhæð um 6 metrar.

Flatarmál hins friðaða lands var um 100 hektarar. Fyrstu árin var gróðursetningarstarfið aðallega í höndum sjálfboðaliða. Áhugafólkið mætti eftir vinnu á kvöldin og um helgar, skátar, starfsmannafélög, karlakórar og ýmsir klúbbar lögðu hönd á plóginn.

Árangurinn af skógræktarstarfinu er nú löngu kominn í ljós. Kjarnaland sem var, heitir nú Kjarnaskógur og er fjölsótt útivistarsvæði.

Árið 1972 gerðu Akureyrarbær og Skógræktarfélag Akureyrar með sér samning um rekstur útivistarsvæðis í Kjarnalandi. Skógræktarfélagið afhenti bænum svæðið nær fullplantað en tók að sér að sjá um skipulagningu og framkvæmdir við að gera Kjarnaland að útivistarsvæði fyrir bæjarbúa. Því starfi hefur síðan verið haldið áfram í samvinnu við umhverfis-



Í tilefni af 40 ára afmælinu var útivistarfólki boðið í gönguferð um Kjarnaskóg. Gengið var um skóginn í 2 tíma. 100 manns komu í gönguna.

nefnd Akureyrarbæjar. Með þessu samkomulagi voru félaginu færð áhugaverð verkefni og tækifæri til þess að sýna hvernig skógurinn getur best þjónað íbúum þéttbýlisins.

Nú 20 árum eftir að samningur um útivistarsvæði í Kjarna var undirritaður má meta þann árangur sem náðst hefur. Áætlað er að þangað komi um 120.000 manns á ári. Glögt dæmi um þann árangur sem náðst hefur er að Akureyrarbær hefur ákveðið að fela Skógræktarfélaginu að vinna áfram að skógrækt og útivist í bæjarlandinu.

Á síðasta ári var lokið friðun á Eyrarlandshálsi sem liggur milli Eyjafjarðar og Glerárdals, alls um 800 ha. Svæðið hefur verið skipulagt til skógræktar og útivistar og á þessu ári hefur verið plantað þar um 100.000 plöntum.

Þegar fram líða stundir mun skógurinn þar skapa skilyrði til fjölbreyttrar útivistar, verða nytjaskógur til útivistar.

## Landgræðsluverðlaun

Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar ásamt Ottó A. Michelsen og Birni Benediktssyni voru veitt fyrstu Landgræðsluverðlaun sem Landgræðsla ríkisins veitir. Skógræktarfélagið fær verðlaunin meðal annars fyrir þann þátt í starfi þess að veita áhugafólki tækifæri til að taka spildur, svokallaðar landnemaspildur, til ræktunar á svæði félagsins. Þeir sem taka að sér spildu eiga að græða upp landið og hafa einstaklingar fengið 1 hektara en skólar og félög 3 ha. Landið er afgirt og friðað.

Forsaga þess var að 1980 fékk félagið 1250 hektara til umráða frá bæjarfélaginu. Fyrstu 40 landspildunum var þá úthlutað til skólafélaga og einstaklinga. 1990 var endurnýjaður samningur við Hafnarfjarðarbæ um land til ræktunar utan skipulagðra svæða, þ.e. Sléttuhlíðin og einnig við hesthúsabyggðina.

Landnemar eru nú 115 talsins og hefur farið stöðugt fjölgandi. Almennur áhugi er á ræktunar- og félagsstarfinu sem hefur stóreflst á síðustu árum. Allir grunnskólarnir, sex að tölu, eru komnir til starfa og einnig starfsmannafélag Hafnarfjarðar og kennarafélag Flensborgar. Landnemarnir fá plöntur og ráðgjöf og hefur Hólmfríði Finnbogadóttur, formanni félagsins, tekist að stuðla að aukinni samkennd þeirra sem að ræktunarstarfinu standa. Þannig hefur verið kosið sérstakt landnemarád sem hefur það hlutverk að mynda betri tengsl við stjórn félagsins. Hvað framtíðina varðar er landið ótakmarkað sem hægt verður að bæta við.

## Hjallaskógur

Aðalverkefni SN á árinu hefur verið skjólbeltagerð. Lagðir voru út um 3500 m af plasti og plantað í það, aðallega alaskavíði eða um 12 þúsund plöntum. Lögð voru tvö samliggjandi belti með 1,5 m millibili. Til reynslu voru gróðursettar 70 aspir með 2 m millibili. Ef reynslan verður góð þá er ætlunin að bæta við beltið 1500 metrum.

Undanfarin 4 ár hefur verið unnið að grisjun í Hjallaskógi en það nafn var skóginum ofan við kaupstaðinn gefið á síðasta aðalfundi. Þar hefur verið unnið að stígagerð, tröppur gerðar og smábryr byggðar og er allt efnið tekið úr skóginum sjálfum. Þá hafa verið útbúnir tveir áningarstaðir í góðu skjóli og getur fólk setið þar við borð og bekki, notið ilms og kyrrðar þó gjóla sé utan skógar.

# Ráðstefna í Norræna húsinu

Þann 10. október sl. var í tengslum við aðalfund Landverndar haldin sameiginleg ráðstefna Skógræktarfélags Íslands og Landverndar í Norræna húsinu.

Yfirskrift ráðstefnunnar var: *Skógrækt, fræðsla og útivist.*

Sex framsöguerindi voru flutt, hvert öðru betra. Eitt þeirra var erindi Frank Söndergaard Jensens sem fjallaði um svokallaða „fjölnytjaskógrækt“ Dana. Þeir eru einna fremstir á því sviði að aðlaga skógræktina að nýjum þörfum, sem síaukin notkun almennings kallar á. Í þeirra augum er skógurinn ekki lengur eingöngu veraldleg auðlind heldur einnig andleg.

Um 130 gestir hlýddu á fróðlega fyrirlestra, sem sumir hverjir gáfu tilefni til fjölda fyrirspurna og fjögruga umræðna.

Afstaða fólks til skógræktar hefur aldrei verið jafn jákvæð og nú. Trú almennings er mikil á gildi skógræktar. Það viðhorf er ríkjandi að hér sé hægt og að hér verði að rækta skóg og græða foldarsárin sem kynslóðirnar á undan hafa skilið eftir sig.

En skógrækt hlýtur að hafa mikil áhrif á umhverfið með þeim breytingum sem verða þegar skógurinn vex. Hin sjónrænu og fagurfræðilegu sjónarmið verða í auknum mæli höfð til viðmiðunar. Því er brýnt að reyna að milda og samræma þau áhrif sem skógræktin hefur á landslag. Einnig ber að huga að verðmætum í náttúrunni sem hafa sögulegt gildi. Ný og breytt staða, þar sem ekki þarf lengur að hamra á því að skógrækt sé möguleg á Íslandi, setur skógræktarmönnum og skipuleggjendum nýjar kvaðir á herðar. Skógræktarmenn hafa og munu axla þá ábyrgð sem felst í því að breyta ásýnd landsins. Það verður gert í samvinnu og samræmi við hagsmuni, sjónarmið og skynsamleg rök.

Með ráðstefnunni er í tvennum skilningi brotið í blað, því að henni stóðu tvenn stærstu félagasamtök landsins er láta sig umhverfismál varða og jafnframt fengu þar að njóta sín skoðanir og sjónarmið manna um skógrækt, sem eru ekki alltaf þau sömu.

## Yndisskógar

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur flutti fróðlegt og skemmtilegt erindi á ráðstefnu Landverndar og S.Í. Með góðfúslegu leyfi hans birtum við hér kafla úr erindinu:

„Fjölnytjaskógar, útivistarskógar og yndisskógar hafa þeir skógar verið kallaðir, sem ekki er stofnað til vegna beinnar framleiðslu á timbri eða trjáafurðum, og er síðasta orðið líklega snjallast (séra Stefán Eggertsson, fyrrv. prestur á Þingeyri, mun vera höfundur þess). Orðið *ilmskógar* getur líka verið í þessum flokki, til að leggja áherslu á þann þátt.

Ilmskógar eru íslensku skógarnir fyrst og fremst á vorin, á sumrin eru þeir sannkallaðir yndisskógar, en á haustin breytast þeir í *litskóga*, sem eiga fáa sína líka í litskrúði í veröldinni. Það væri þá helst í Kanada eða Bandaríkjunum. Nokkru fyrir lauffallið hefur hvert birkitré nánast sinn sérstaka lit, sem getur verið allt frá skærgulu yfir í brúnt eða rautt, og reynirinn er þá oftast orðinn blóðrauður, sem nafn hans bendir til (upphaflega reyðnir, hið rauða tré). Þá eru blæðspin, alaskaöspin og gulvíðirinn oftast orðin fagurgul.

Þetta er „hundraðlitur haustskógarsinfóninn“ í kvæði Kiljans um unglínginn í skóginum, sem túlkar hið völduga afl skógarins, upphafið veldi hans og fegurð og tengir það ást unglínganna sem er að byrja að þroskast.

„Hver fór í skóginn / kyssti animónur og hló / animónur og animónur / og fór að gráta?“

Í rauninni er þetta kvæði þó aðeins variasjón af „Birkilautinni“ hans Páls Ólafssonar, enda í báðum tilfellum um draum að ræða, eða „Abba labba lá“, Davíðs.

Skógurinn á líka sína synfóníu í tónum. Hann er *tónaskógur* allan ársins hring, hvort sem um er að ræða fuglasöng sumarsins, skráfandi þyt „laufvindanna“ á haustin eða þungan dyn vetrarstorma og kófs.“

## POKASJÓÐUR



Frá svæði Skógræktarfélags Siglufjarðar í Skarðsdal, sem fékk styrk úr Pokasjóði Landverndar. Mynd: J.G.P.

Skógræktarfélagin í landinu hafa fengið úthlutað úr Pokasjóði Landverndar síðastliðin 3 ár um 13 milljónum króna. Þessum peningum hefur verið varið til ýmissa verkefna hjá félagunum og hafa styrkirnir verkað eins og vítamínsprauta á starfsemi þeirra að undanförunu. Sérstaklega hefur verið ánægjulegt hvað mikið fé hefur verið veitt til þess að gera skógræktarsvæði félaganna aðgengileg almenningsi, t.d. með göngustígum og annarri aðstöðu. Fyrir vikið er myndarlegum útivistarsvæðum á vegum félaganna sífellt að fjölga. Skógræktarfélagin vilja þakka samtökunum Landvernd þennan mikla stuðning og vonast til að eiga við þau gott samstarf í framtíðinni.

# Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands

Aðalfundur S.Í. var haldinn á Akranesi dagana 28.- 30. ágúst síðastliðinn. Skógræktarfélag Akraness hafði veg og vanda af fundinum en á hann mætti á annað hundrað manns, þar af um 80 fulltrúar skógræktarfélaganna, sem komu víðs vegar að af landinu.

Auk venjulegra fundarstarfa voru haldin þrjú fróðleg erindi þar sem m.a. var fjallað um skjólbelti, kynbætur á lerki og svepprót. Í tengslum við fundinn var einnig haldin sýning, opin gestum og gangandi, þar sem félögum og fyrirtækjum var gefinn kostur á að kynna starfsemi sína. Mæltist þessi nýlunda vel fyrir þannig að væntanlega verður framhald á slíku þar sem aðstæður leyfa.

Í tengslum við fundinn var farin skoðunarferð í Hvalfjarðarbotn þar sem getur að líta stærstu einkaskógrækt á landinu. Þar þáðu fundarmenn veitingar í boði Hermanns Helgasonar og fjölskyldu hans. Í skjóli skógarins var nokkrum velunnurum Landgræðsluskóga og Skógræktarfélags Íslands veitt viðurkenning fyrir dyggan stuðning.

Á fjölmennri og myndarlegri kvöldvöku, í boði Akraneskaupstaðar og Skógræktarfélags Akraness var góðum stuðningsmönnum skógræktar veitt viðurkenning; þeim Oddi Sigurðssyni, formanni Skógræktarfélags Skilmannahrepps, og hinni síungu Ólafíu Jónsdóttur, sem



Séð yfir fundarsalinn. Það getur verið þreytandi að sitja lengi undir ræðuhöldum og því tilvalið að rísa á fætur og taka lagið saman öðru hvoru. Mynd: J.P.

gaf Skógræktarfélagi Íslands tæpar átta milljónir fyrir um tveim árum.

Mikil samstaða og einhugur ríkti á fundinum og héldu menn hver til síns heima, eftir fundarslit um hádegi á sunnudeginum, fullir bjartsýni á framtíð íslenskrar skógræktar.

## Skjólbelti Ný skógræktarfélag

Sigvaldi Ásgeirsson skógfræðingur hélt erindi um skjólbelti.

Kostir þeirra eru:

- 1) Skjól dregur úr kyndingarkostnaði húsa.
- 2) Með skjólbeltum er hægt að breyta snjóalögum og spara fé til snjómoksturs.
- 3) Skjól eykur uppskeru, skepnur þurfa minna fóður til að halda á sér hita.
- 4) Fólki líður betur í skjóli en á berangri.

Og Margrét í Dalsmynni kvað:

*Á Akranesi er svo gaman  
allt er vafið töfrablæ,  
skógræktarmenn skrafa saman  
og skemmta sér í þessum bæ.*

*Fundurinn var frjálfs og þrúður  
ferðalög og veisluhöld,  
engin átök, ekkert múður  
eða barátta um völd.*

*Unga fólkið okkar blífur  
með ekkert fals og blekkingar,  
yfir vötnum andi svífur  
áhuga og þekkingar.*

Skógræktarfélag Bíldudals var stofnað 15. apríl 1992 á Bíldudal. Kveikjan að félagsstofnuninni var að Bílddælingar hafa verið með í verkefni Landgræðsluskóga frá upphafi. Félagssvæði þess er sunnanverður Arnarfjörður, þar sem skilyrði til skógræktar eru hin ákjósanlegustu.

Skógræktarfélag Dýrafjarðar var stofnað 1. júní síðastliðinn upp úr Dýrafjarðardeild Skógræktarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Í sumar var unnið að göngustígagerð um skógræktarreit félagsins í botni Dýrafjarðar. Megintilgangur þessa verks var að gera reitinn aðgengilegan almenningi, og í ljósi þess hve fagur hann er og mikill má nota hann sem gott áróðurstæki í baráttunni við að auka áhuga almennings og þó einkum unglunga á þeim verkefnum sem nú er unnið að í gróðursetningu.

Á vegum landgræðsluskógaverkefnisins hafði félagið umsjón með gróðursetningu rúmlega 12 þúsund trjáplantna í girðingu á Söndum í Dýrafirði. Unglingar úr bæjarvinnu Þingeyrarhrepps sáu að mestu um gróðursetningu.

Skógræktarfélagið Kvistur var stofnað í apríl á þessu ári. Félagssvæðið er Álftafjörður og Hamarsfjörður í Suður-Múlasýslu. Stofnfélagar voru 21.

Á síðastliðnu ári var girt af land út frá skólanum, um 2-3 hektarar, og byrjað að gróðursetja í það. Gróðursettar voru um 2000 plöntur af birki, greni og furu. Þetta varð síðan kveikjan að stofnun skógræktarfélagsins.

Skógræktarfélag Strandasýslu er talið stofnað 1949-50 en lögð voru drög að stofnun þess á sýslufundi 1939. Nýlega var félagið endurreist.

Víða í sýslunni eru skógarreitir sem félagið vill fá upplýsingar um. Stefnt er að því að hafa á einum stað upplýsingar um hvaða tré og plöntur þrífast best og hafa þær aðgengilegar þeim, sem hyggjast rækta trjágróður á mörkum þess byggilega.

Skógræktarfélag Önuðarfjarðar var stofnað 18. maí 1992 og var stofnfundur þess haldinn á Flateyri.

Í sumar var gróðursett í tvo reiti á vegum landgræðsluskógaverkefnisins. Annar að Hesti í Önuðarfirði og hinn fyrir ofan Flateyri.

Félagið hefur einnig það verkefni að huga að eldri gróðurreitum á félagssvæðinu.

# Börnin í Mánahvoli

Bergþóra Haraldsdóttir fóstura sendi blaðinu eftirfarandi frásögn ásamt myndum af gróðursetningarstarfi barnanna á skóladagheimilinu Mánahvoli við Vífilsstaði:

Haustið 1990 fórum við börnin, sem eru á aldrinum 5 til 9 ára, og starfsfólk í frætínskólaleiðangur. Við þurftum ekki að fara langt því við eigum fallegan birkiskóg sem sjúklingar á Vífilsstaðaspítala gróðursettu í kringum 1960.

Fræið geymdum við síðan í léreftspoka úti í leikfangaskúr yfir veturinn. Í lok janúar og byrjun mars sáðum við síðan fræjum eftir að hafa skoðað og rætt um þau. Viti menn, mikið kom upp og þegar tvö blöð ásamt kímblöðum voru komin upp, tókum við til við að grisja og komu þá jógúrtbox að góðum notum.

Þegar líða tók á maí var enn og aftur hafist handa, plöntunum var komið fyrir í litlum svörtum pokum og settar í skjólkassa utandyra. Þarna leið plöntunum okkar vel í eitt ár en þá var þeim plantað út. Til gamans höfðum við einnig tínt frá haustið '91, en sá fræpoki hafði glatast. Ekki var gefist upp, því við gerðum tilraun með gamla fræið okkar frá haustinu '90 og allt kom upp og dafna plönturnar nú vel í litla skjólkassanum okkar.

Þar sem tilraunin tókst vel er ætlun okkar að halda þessu verkefni áfram.



Börnin með plöntur sem þau ræktuðu sjálf og verða geymdar í skjólkassa í vetur og gróðursettar næsta vor.


## The Scottish Tree Trust

The Scottish Tree Trust í Skotlandi eru náttúruverndarsamtök, sem leggja áherslu á verndun náttúruauðlinda og þá sérstaklega skóga.

Síðastliðin 3 ár hafa þessi samtök verið með skiptiferðir fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 27 ára, sem fá tækifæri til þess að ferðast til fjarlæggra landa og kynnast menningu, þjóðum og náttúruauðlindum þeirra.

Samtökin höfðu samband við S.Í., til að kanna möguleika á slíkum skiptum.

En nú er það í höndum skógræktarfélaganna sjálfra að ákveða hvort þau hafi áhuga á að taka á móti 10-12 ungmennum frá Skotlandi í 2 vikur og jafnframt að senda hóp ungmenna frá sér til Skotlands. Allar nánari upplýsingar fást hjá Skógræktarfélagi Íslands.



Eitt af elstu trjámum í Skríúð, evrópulerki gróðursett 1910. Mynd: J.G.P.

## SKRÚÐUR

Átta aðilar víðs vegar um landið vinna að því að „endurnýja“ garðinn SKRÚÐ á Núpi í Dýrafirði. Þessi garður er einstakt dæmi um upphaf garðyrkju og trjáræktar á Íslandi og var fyrrum víðfrægur. Séra Sigtryggur Guðlaugsson hóf þar framkvæmdir laust eftir aldamótin, en garðurinn var síðan formlega opnaður árið 1909. Garðurinn hefur nú verið í niðurníðslu um tíu ára skeið og auk þess voru mörg tré orðin aldurnhigin.

Í sumar var garðurinn kortlagður og gerð vinnuáætlun. Dagana 20.-25. sept. sl. hófst svo fyrsta lota endurnýjunar garðsins, en þá komu 30 nemendur úr Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi ásamt 5 kennurum og leiðbeinendum og unnu þeir að hreinsun og grisjun. Árangur þess starfs hefur styrkt menn í þeirri trú að gera megi garðinn á nokkrum árum að þeirri gróðurperlu sem hann áður var.

Von bráðar verður hafist handa við að afla fjármagns sem dugir til verksins og til að tryggja framtíðarviðhald hans.

# Öflugar trjátegundir sem vekja vonir

## 2000 ha

Þegar starf að verkefni um Landgræðsluskóga hófst 1990, var ákveðið að gera tilraunir með tegundir, sem ekki höfðu verið reyndar áður við erfið jarðvegsskilyrði. Meðal annars var ákveðið að reyna öl (elri), en nokkrar vísbendingar benda til þess að hann geti verið öflug uppgræðsluplanta.

Mjög lítið reyndist vera til af honum, en fyrir velvilja fengust í gróðrarstöð Skógræktar ríkisins á Tumastöðum um 5000 plöntur af sitkaöl, *Alnus viridis*, ssp. *sinuata* (frá Alaska) og evrópugrænöl, *A. viridis*, ssp. *viridis* (frá Davos í Sviss, 1500 m y.s.).

Á landgræðsluskógarsvæðinu í Breiðdal var elrið áberandi öflugasta plantan þegar svæðið var skoðað í sumar.

Sömu sögu er að segja af svæði við Vík í Mýrdal sem kannað var nýlega. Þar höfðu verið gróðursettar um 40 plöntur og voru þær allar lifandi og þær falletu um 30 cm.

Á söndunum og hrauninu fyrir ofan Þorlákshöfn er landgræðsluskógar-svæði, þar sem lögð var út tilraun Skógræktar ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins 1989 (með efnivið frá Alaska úr ferð Óla Vals og félagar frá 1985) en þar er vöxtur á einstaka elrísklónum mjög góður. Af víðitegundunum, sem reyndar hafa verið við Þorlákshöfn, virðist jörfavíðir S-4 gefa besta raun.

Ofangreindur árangur gefur vissulega vísbendingu um að öflur henti vel til uppgræðslu á mörgum svæðum við suðurströndina, en þar hefur trjárækt eða skógrækt víða átt erfitt uppdráttar. Árangurinn ætti að vera hvatning til frekari dáða og jafnframt leiðarvísir um áherslur í tegundavali á næstu árum.

Í verkefni Landgræðsluskóga voru í ár gróðursettar ca. 1,2 millj. trjáplanta á um 80 stöðum víðs vegar á landinu, en sem kunnugt er gaf Skógrækt ríkisins 1 millj. trjáplanta til verkefnisins. Fullur hugur er hjá skógræktarfélagi að halda verkefninu áfram af svipuðum þunga og verið hefur undanfarin ár. Þegar er búið að gróðursetja í a.m.k. 2000 ha lands á vegum verkefnisins. Sá góði árangur, sem náðst hefur, er félögunum mikil hvatning, en afföll af birkiplöntum hafa ekki verið nema 6% eftir fyrsta ár frá gróðursetningu, sem telst mjög gott. Framkvæmdanefnd verkefnisins vill þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn við framkvæmd þess, ekki síst hinum fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa tekið þátt í gróðursetningu víðs vegar um land.

## Nýr efniviður sóttur til Eldlands

Síðastliðinn vetur sótti Þórarinn Benedikz, skógfræðingur á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá ýmsar tegundir trjáa og runna til Suður- Ameríku, nánar tiltekið til Eldlands, Chile (Patagóníu), og að skógarmörkum við eldfjallið Osorno. Talið er að eitthvað af efniviðnum gæti hentað við suðurströnd Íslands.

Ferðin var farin að frumkvæði Sören Ödum forstöðumanns trjásafnsins í Hörsholm utan við Kaupmannahöfn og Tróndar Leivssonar skógræktarstjóra í Færeyjum.

Safnað var um 8000 plöntum, aðallega beyki, og voru um 1500 plantanna pottuð á Mógilsá. Fræsýni voru um 150 af ýmsum tegundum, svo sem *Nothofagus pumileo*, *N. antarctica*, sem fella laufin, sígræn *N. hetuloides*, auk fáeinna runna og minni sígrænna trjátegunda, m.a. *Drimys winterii* (ilmviður), *Embothrium coccineum* (skarlatstré), og *Maytenus magellanica*.



Gangið í lið með ræktunarfólkinu!  
Gerist félagar í skógræktarfélagi!

## Bæklingurinn „Fræ og fræsöfnun“

Bæklingur sem S.Í. gerði í samvinnu við Búnaðarbankann, *Fræ og fræsöfnun*, hefur verið sendur öllum nemendum grunnskólanna í landinu á aldrinum 10 - 13 ára. Á undanförunum árum hafa margir skólar tekið upp þann sið að láta nemendur safna birkifræi. Bæklingurinn er gefinn út með það markmið í huga að fræða nemendur og kennara um undirstöðuatriði er varða fræ. Með markvissum vinnubrögðum er hægt að ná góðum árangri við að klæða landið með söfnun og sáningu fræs.

## ÍSLENSK JÓLATRÉ

Nú er ekki langt til jóla og margir því farnir að huga að undirbúningi þeirra. Einn þáttur í honum er að sjálfsögðu jólatré. Allt of mörg þeirra trjáa sem hér eru á markaði eru flutt inn frá Danmörku og seld á kostnað íslenskra trjáa. Þessu þarf að sjálfsögðu að breyta og þarf að auka hlutdeild íslenskra trjáa á markaðnum, en þau eru ekki nema um 1/3 af heildarmarkaðnum. Hvetjum við því skógræktarfolk til að velja íslenskt jólatré í ár og styðja með því skógræktarstarfið í landinu. Fyrir hvert selt jólatré getur skógræktin gróðursett 30 - 40 önnur tré í staðinn, auk þess sem það sparar gjaldeyri og eflir atvinnu. Íslensku trén ilma einnig mun meira og betur en þau innfluttu, sem hafa daufa olúlykt. Íslensku trén eru bæði grænni og þéttari og með réttari meðhöndlun eru þau ekki síður barrheldin. Ekki spillir heldur fyrir að þau eru talsvert ódýrari.

VELJUM ÞVÍ ÍSLENSKT!!!



### Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.  
1. árgangur, 2. tölublað,  
nóvember 1992.  
Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.  
Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson  
framkvæmdastjóri.  
Ritstjóri: Jón Pálsson.  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.  
Gefið út í 10 þúsund eintökum.

### Fræðslu- og leiðbeiningarrit

### Tilvalin jólagjöf

### Skógræktarbókin

er fræðslu- og leiðbeiningarrit um  
skógfræðileg efni.

Hér er að finna á einum stað svör við  
ýmsum spurningum, ásamt fróðleik,  
sem kemur jafnt lærðum sem leikum  
að notum.

Verð kr. 2500

Hafið samband við:  
Skógræktarfélag Íslands,  
Ránargötu 18, Rvk.  
s: 91-18150

*Skógræktarfélag Íslands þakkar eftirtöldum aðilum er styrktu útgáfu þessa blaðs:*

Sveinn Jónsson og Haukur Gunnarsson löggiltir endurskoðendur s: 91-35666	Gróðurvörur sf. Smíðjuvegi 5 Kópavogi s: 91-43211	Vatnsvirkin hf. Ármúla 21 Reykjavík s: 91-686455
Seðlabanki Íslands Kalkofnsvegi 1 Reykjavík s: 91-699600	Ora hf. Vesturvör 12 Kópavogi s: 91-641995	<i>Allrahanda</i> HÖPFERDIR <small>Hlaðbréka 22 220 Kópavogur ÍSLAND Sími (Tel.) 641313 Kovvegas 50046-1192</small>
<b>myndbær hf.</b> <small>Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík Símar: 35150 og 31920 Fax: 688406</small>	Prentsmiðjan Edda hf. Smíðjuvegi 3 Kópavogi s: 91-45000	Bræðurnir Ormsson hf. Lágmúla 8 Reykjavík s: 91-38820